



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Reykjavík 13. maí 2020

Efni bréfs: umsögn um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kyndundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025.

Umboðsmaður barna fagnar því að forsætisráðuneytið setji fram tillögu sem lýtur að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Sú forvarnarstefna sem tillagan boðar er til þess fallin að ná fram þeim markmiðum að fyrirbyggja kynferðilegt og kynbundið ofbeldi og draga úr skaða sem slík háttsemi veldur þolendum. Til þess að markmið forvarnarstefnunar nái fram að ganga er lykilatriði að tryggt sé að allir þeir sem starfa með börnum og ungmennum fái markvissa og greinargóða fræðslu er lýtur að forvarnarstarfinu. Í því sambandi er það mikilvægt skref að útbúið verði gagnvirkt netnámskeið með grunnfræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni.

Sú tillaga að grunnskólar setji á laggimar forvarnarteymi er mikilvæg og það er jákvætt að teymið eigi að vinna að því að samþætta forvarnir í skólastarfi og samhæfa viðbrögð starfsfólks. Umboðsmaður barna hvetur til þess að sérstaklega verði kveðið á um samstarf forvarnarteymis við nemendafélög viðkomandi skóla. Nemendafélög geta veitt forvarnarteyminu mikilvægar upplýsingar sem styrkja teymið í starfi sínu og myndi slíkt samstarf stuðla að því að forvarnir nái til nemenda og hafi þannig tilætluð áhrif. Þá er einnig mikilvægt að forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, skólaskrifstofur sveitarfélaga sem og aðrir sem aðkomu eiga að forvarnarstarfi eigi virkt samráð við börn og ungmenni til að mynda í gegnum nemendafélög skóla og ungmennaráð sveitarfélaga.

Af greinargerð með þingsályktunartillögunni er ekki að sjá að samráð hafi verið haft við börn við undirbúning og gerð tillögunnar og er það miður. Það hefði verið æskilegt að sú nefnd sem lagði fram þær tillögur sem þingsályktunartillagan byggir á hefði haft samráð við börn og ungmenni við mótun þeirra. Umboðsmaður barna leggur áherslu á að samráð verði haft við börn um mótun þeirra aðgerða sem stefnt er að og einnig við gerð framtíðaráætlunar enda miðar tillagan að því að uppræta kynferðislegt og kyndundið ofbeldi með því að beina forvörnum að börnum og ungmennum. Til stendur að forvarnir verði samþættaðar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum og því mikilvægt að nemendur fái að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Börn og ungmenni eiga rétt á því að fá að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku í öllum málum sem þau varða samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans. Með þátttöku barna er hægt að greina álitamál og ávarpa hindranir og tækifæri í málefnum barna sem börn hafa einstaka innsýn í.

Mikilvægur þáttur í að innleiða Barnasáttmálann er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar börn.

Börn eru ekki einsleitur hópur og þess vegna er mikilvægt að haft verði samráð við ólíka hópa barna svo sem fötluð börn, börn með annað móðurmál en íslensku og aðra hópa barna sem eru í viðkvæmri stöðu og eru sérstaklega útsett fyrir því að verða fyrir kynferðislegu eða kyndundnu ofbeldi eða áreitni. Hægt væri að hafa samráð við ólíka hópa barna með því að koma á sérfræðihópum.

Í 23. gr. Barnasáttmálans og í 7. gr. samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er fjallað um rétt fatlaðra barna og mikilvægi þess að aðgengi þeirra að samfélagsþátttöku sé tryggt. Árið 2019 var á vegum umboðsmanns barna settur á stofn sérfræðihópur fatlaðra barna og unglunga, með það að markmiði að skapa rými og tækifæri fyrir fötluð börn og unglunga, til að ræða málefni að eigin vali, og koma með ábendingar byggðar á eigin reynslu og skoðunum. Þátttakendur sérfræðihópsins voru alls sex, þrír drengir og þrjár stúlkur á aldrinum 13 til 17 ára. Þar var m.a. rætt um ástæður þess að fatlað fólk sé frekar beitt ofbeldi og töldu þátttakendur að fordómar gegn fötluðu fólki hafi þar mikil áhrif. Einnig kom fram að á meðan fötlunarfordómar fái að viðgangast í samfélaginu telji gerendur sig geta komist upp með að koma illa fram við fatlað fólk. Þá voru þátttakendur sammála um það að ekki sé hlustað nægilega vel á fötluð börn og fatlaða unglunga þegar þau segja frá ofbeldi sem þau hafa verið beitt. Þátttakendur töldu fólk veigra sér við að taka ákvarðanir og afstöðu í málum og fyrir vikið viðgengist ýmislegt sem ekki væri í lagi. Þátttakendur áréttuðu að enginn eigi að þurfa að verða fyrir kynferðislegri áreitni í íþróttastarfi. Öllu ofbeldi og áreiti eigi að taka alvarlega, líka því þar sem gerendur eru sjálfir með skerðingu og eru jafnvel börn og unglingar. Kynferðisleg áreitni og annað ofbeldi getur átt sér stað hvar sem er, meðal annars í sérúrræðum fyrir fötluð börn og unglunga. Þátttakendur töldu jafnframt að brýnt sé að auka umræðu og fræðslu um ofbeldi. Almennigur þurfi að vera betur upplýstur um algengi ofbeldis gegn fötluðu fólki og helstu birtingarmyndir þess.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna